

S A M Þ Y K K T**um bann við veiði göngusilungs við Vesturós Héraðsvatna.****1. gr.**

Bönnuð er netjaveiði göngusilungs í sjó fyrir Vesturósi Héraðsvatna á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst á svæði, er afmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin í beinu framhaldi rétt norður af landamerkjum Sjávarborgar og Sauðárkróksbæjar á Borgarsandi, 700 metra í sjó fram út frá stórstraumsfjöruborði, og frá norðurenda þeirrar línu í Hegranes 700 metrum norðan við Héraðsvatnaós, miðað við stórstraumsfjöruborð. Bann þetta tekur til hvers konar netja og veiðivéla, sem göngusilungur getur veiðst í.

2. gr.

Ráðherra veitir undanþágu til eins árs í senn frá veiðibanni því, sem sett er samkvæmt 1. gr., til dráttar fyrir sild og loðnu til beitu samkvæmt reglum, er hann setur þar um, enda liggja fyrir skrifleg umsókn um slíka undanþágu.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem er gerð af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.